

Starfsskýrsla stjórnar GDLH 2022-2023.

Stjórn skipa:

Jón Þorberg Steindórsson formaður

Ágúst Hafsteinsson gjaldkeri

Ingi Björn Leifsson ritari

Jóhann G. Jóhannesson meðstjórnandi

Sigurður Sigurðarson meðstjórnandi

Varastjórn skipa:

Oddrún Ýr Sigurðardóttir

Haukur Bjarnason

Á fyrsta fundi stjórnar var skipt verkum og skipað í fræðslunefnd.

Í fræðslunefnd sitja

Valdimar Ólafsson formaður

Lárus Ástmar Hannesson

Valur Valsson

Stefán Ágústsson

Alexandra Montan Gray

Sindri Sigurðsson

Stjórn fundaði nokkrum sinnum á árinu ásamt því að ljúka minni málum á samskiptaforritum í spjalli. Endurmenntun fór fram á tölvutæku formi hérlendis og erlendis.

Stjórn fundaði með stjórn LH. 7.júni og í framhaldi var stofnuð að frumkvæði LH útbreiðslu og kynningarnefnd og í henni situr Jóhann G. fyrir hönd GDLH.

Fulltrúi í keppnisnefnd er Haukur Bjarnason.

Úthlutun dómara á mót hérlendis er í höndum LH eftir samtal dómarafélaganna beggja við LH þar sem stjórnir félaganna báðust undan því að sjá um úthlutun á dómurum í kjölfar launaumræðu við LH. Þetta fyrirkomulag hefur sjálfsagt sína kosti og galla eins og margt annað og er það helst miður þegar að stærri félög á höfuðborgarsvæðinu fá fulla heimild frá LH til þess að velja sína dómara sjálf til þess að halda niðri kostnaði.

Á aðalfundi 2022 var stjórn falið að gæta hagsmuna sinna félagsmanna varðandi launataxta í samtali sínu við LH og í kjölfarið tók stjórn þá ákvörðun að gjald lands og héraðsdómara yrði kr.6000 og km.gjald kr.80.

Úthlutun dómara á stórmót og mót erlendis er í verkahring dómara nefndar.

Þónokkuð mörg mót fóru fram á árinu m.a. var haldið stórgott fjórðungsmót á Austurlandi að lðavöllum með mörgum firnasterkum hrossum.

Mikil gróska er í gæðingakeppninni erlendis þá sér í lagi í Danmörku og Svíþjóð en einnig var haldið a.m.k. eitt mót í Þýskalandi með gæðingadómurum þar búsettum og með réttindi á vegum GDLH, þar getur dropinn farið að hola steinin eftir þónokkur samskipti um lausn á menntamálum við IPZV.

Stjórn GDLH.